

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1043/2004 um menntun sjóntækjafraeðinga og takmarkanir á heimild þeirra til að sjónmæla.

1. gr.

3. gr. orðast svo:

Sjóntækjafraeðingar sem ekki uppfylla skilyrði um menntun skv. 1. gr. eða staðfestingu réttinda skv. 2. gr. mega einungis fullvinna gleraugu samkvæmt tilvísun og/eða forskrift augnlæknis eða sjóntækjafraeðings, sem hefur rétt til sjónmælinga skv. 1. eða 2. gr.

2. gr.

Í stað ákvæðis til bráðabirgða kemur eftirfarandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Fram til 31. desember 2005 getur ráðherra veitt sjóntækjafraeðingi, sem hefur rétt til sjónmælinga, en sem uppfyllir ekki skilyrði 3. mgr. 1. gr., leyfi til að mæla sjón vegna snertilinsa og ávísa á snertilinsur.

Skilyrði þess að slíkt leyfi verði veitt eru:

- a. að í námi sjóntækjafraeðings hafi verið lögð áhersla á snertilinsufræði og að fyrir liggja staðfesting þess að hann hafi starfað við snertilinsumátun í a.m.k. 2 ár, eða
- b. að fyrir liggja staðfesting þess að hann hafi starfað við snertilinsumátun í a.m.k. 10 ár.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 17/1984, með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. júní 2005.

Jón Kristjánsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um ákvörðun kílómetragjalds og skyldur ökumanna.

I. KAFLI

Skattskylda og skattskyldir aðilar.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt, kílómetragjald, af eftirtöldum ökutækjum:

- a. Bifreiðum sem skráðar eru hér á landi sem eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, þó ekki af bifreiðum sem ætlaðar eru til fólksflutninga.
- b. Eftirvögnum sem skráðir eru hér á landi og eru 10.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd.
- c. Bifreiðum og eftirvögnum, sbr. a. og b. lið, sem skráð eru erlendis og flutt hingað til lands.